

Jarðfræðipjónusta Hauks Jóhannessonar ehf.

Borholur í Fellsstrandarhreppi (3806) og Klofningshreppi (3807) í Dalasýslu



Haukur Jóhannesson

Unnið fyrir Orkustofnun

Greinargerð JHJ-2014/018


Ágúst 2014

Inngangur


Í þessari greinargerð er farið yfir þær borholur sem eru í Fellsstrandarhreppi og Klofningshreppi hinum fornu. Þær eru sjö að tölu í Fellsstrandarhreppi en aðeins ein í Klofningshreppi (HN-01 á Hnúki). Upplýsingar um holurnar eru í 1. töflu og staðsetningar eru sýndar á 1. og 2. mynd.

1. tafla. Borholur í Fellsstrandar- og Klofningshreppum í Dalasýslu.

Staðarnr.	Heiti	Lögbýli	Dýpi	Borár	N-hnit	V-hnit
33721	BB-01	Breiðabólstaður	33	1990	65° 07.845	22° 02.694
33481	FF-01	Staðarfell	50	2000	65° 07.377	22° 10.917
33311	YF-01	Ytrafell	126	2002	65° 09.298	22° 20.796
33312	YF-02	Ytrafell	138	2002	65° 09.220	22° 20.587
33313	YF-03	Ytrafell	114	2002	65° 09.280	22° 20.545
33491	HF-1	Kjarlaksstaðir	102	2000	65° 09.673	22° 22.558
33301	AF-01	Arnarbæli	84	2002	65° 09.661	22° 25.652
33711	HN-01	Hnúkur	33	1990	65° 11.575	22° 29.404



1. mynd. Staðsetning borholna í Fellsstrandar og Klofningshreppum.



2. mynd. Staðsetning borholna á Ytrafelli og Kjarlaksstöðum.

BB-01 - Breiðabólstaður

Borhola BB-01 er um 850 metra suðvestur af bænum og er á norðurbakka Skorravíkurár. Holan er í lynghvammi og sést fremur illa. Holan er í góðu ástandi.



3. mynd. BB-01 á Breiðabólstað. Horft niður með Skorravíkurá. Valþúfa hægra megin á myndinni.



4. mynd. Borhola BB-01 á Breiðabólstað. Horft upp með Skorravíkurá.

FF-01 - Staðarfell

Borhola FF-01 er yst á lengsta klettatanganum niður af félagsheimilinu rétt fyrir innan Staðarfell. Í vikinni fyrir utan eru gömul naust. Holan er í þokkalegu ástandi.



5. mynd. Borhola FF-01 á Staðarfelli. Horft út fjörðinn.



6. mynd. Borhola FF-01 á Staðarfelli. Staðarfell í baksýn.

YF-01 - Ytrafell

Borhola YF-01 er við neðsta sumarbústaðinn (og vestan veiðislóðans) vestan undir Ytrafellsmúla. Holan mun vera undir sólpalli ofan við húsið. Í holunni er dæla og vatnið er nýtt.



7. mynd. Borhola YF-01 á Ytrafelli. Horft út Fellsströnd.

YF-02 - Ytrafell

Borhola YF-02 er við efri sumarbústaðinn (heitir Hreiðrið) vestan veiðislóðans undir Ytrafellsmúla. Holan er undir sólpalli ofan við húsið. Í holunni er dæla og var vatnið nýtt til skamms tíma. Hreinsa þarf holuna til að nýta hana.



8. mynd. Borhola YF-02 á Ytrafelli.

YF-03 - Ytrafell

Borhola YF-03 er við sumarbústaðinn sem er beint undir Ytrafellsmúla og austan veiðislóðans. Holan er inni í skúr sem byggður er við sumarhúsið. Í holunni er dæla og vatnið nýtt.



9. mynd. Borhola YF-03 á Ytrafelli.

HF-01 - Kjarlaksstaðir

Borhola HF-01 er ofan við húsið á Kjarlaksstöðum og í um 2-3 metra fjarlægð frá því. Þetta er gamla íbúðarhúsið sem var á Breiðabólstað en hefur verið flutt og gert upp. Hlaðið hefur verið að holunni. Í henni er dæla og vatnið nýtt.



10. mynd. Borhola HF-01 á Kjarlaksstöðum.

AF-01 - Arnarbæli

Borhola AF-01 er um 50 metra vestur af íbúðarhúsinu. Hún er upp á klettholti og í túnjarði. Holan er illa farin. Sett var í hana dæla en vatnið reyndist óneysluhæft vegna seltu.



11. mynd. Borhola AF-01 í Arnarbæli.

HN-01 - Hnúkur

Borhola HN-01 var yst í nesinu suðvestur af bryggjunni niður af Hnúki. Holan var þar á klettabrún og virðist vera horfin.



12. mynd. Borhola HN-01 á Hnúki.